

Keilir

ÁRSSKÝRSLA 2021



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs



2

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Til að standast samkeppni þarf atvinnulífið aðgang að fólki með réttu færni til starfa. Fyrirtækin byggja velgengni sína meðal annars á vel menntuðu og vel þjálfuðu starfsfólki. Mannauðurinn leggur grunn að stöðugri verðmætasköpun. Þegar kemur að menntun fyrir atvinnulífið þá skipar *Keilir, miðstöð vísinda fræða og atvinnulífs* veigamikil hlutverk.

Keilir hefur lagt áherslu á að þróast samhliða breytingum í umhverfinu og breytingum á þörfum atvinnulífsins og hefur skólinn leitast við að fylgja og vera á undan þeim straumum sem eru í gangi á hverjum tíma. Í Keili er starfsfólk meðvitað um nauðsyn þess að aðlaga stefnur og tryggja að námsframboð sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru bæði af hálfu háskólaumhverfisins og atvinnulífsins.

Tímamót í starfsemi Keilis þegar ríkið lagði til nýtt hlutafé á móti sveitarfélögunum á Suðurnesjum og eignaðist um leið meirihluta í skólanum.

Hagræðingar, skipulagsbreytingar sviða og aðrar áherslubreytingar undirbúnar á árinu.

Til fyrirmyndar hvernig starfsmenn skólans og nemendur hafa brugðist við með sveigjanleika og lausnamiðuðum hætti í heimsfaraldri.



Jón Björgvin Stefánsson
stjórnarformaður Keilis

Árið 2021 markaði ákveðin tímamót í starfsemi Keilis. Gengið var frá samkomulagi um breytingar á hluthafahópi Keilis með aðkomu ríkisins og sveitarfélaga á Suðurnesjum. Tekin var ákvörðun þessara aðila um aðkomu að Keili með nýju hlutafé og fjárstuðningi á móti sveitarfélögunum og eignast um leið meirihluta í skólanum. Í framhaldi þessara breytinga var kosin ný stjórn fyrir Keili og Flugakademíu Íslands.

Rekstur ársins 2021 var erfiður eins og tölur ársreiknings benda til. Megin ástæður rekstrarerfiðleika Keilis 2021 eru óhagstæðir samningar frá fyrri árum auk ósjálfbærra þróunar- og samstarfsverkefna sem þyngdu reksturinn, auk þess sem glímt var við afleiðingar heimsfaraldurs með tilheyrandi skerðingu á tekjum. Með hliðsjón af rekstrarstöðunni var unnið að hagræðingu í rekstri með skipulagsbreytingum sviða, greiningarvinnu auk þess að þróunar- og samstarfsverkefni voru ýmist lokað, þau kláruð og/eða sett í nýjan farveg.

Framkvæmdastjóraskipti urðu á árinu er Jóhann Friðrik Friðriksson framkvæmdastjóri var kosinn til setu á Alþingi. Að afstöðnu ráðningarferli nýs framkvæmdastjóra sem stýrt var af Hagvangi var Nanna Kristjana Traustadóttir ráðin framkvæmdastjóri Keilis en Nanna starfaði áður sem forstöðumaður Menntaskólans á Ásbrú. Stjórn Keilis væntir góðs af samstarfi við nýjan framkvæmdastjóra og samstarfsmenn hennar hjá Keili.

COVID-19 faraldurinn hefur eðlilega haft mikil áhrif á skólastarfið á liðnum misserum og er aðdáunarvert og til fyrirmyndar hvernig bæði starfsmenn skólans og nemendur hafa brugðist við með sveigjanleika og lausnamiðuðum hætti. Þrátt fyrir að aðstæður í Keili hafi verið vel undir það búnar að færa störf og samskipti tímabundið alfarið í fjarnám, þá var faraldurinn ástand sem eðlilega hefur reynt mikið á bæði nemendur og starfsfólk.

Ég vil þakka framkvæmdastjóra, kennurum, starfsmönnum og nemendum Keilis fyrir vel unnin störf og ástundun á erfiðum tímum farsóttar. Sömuleiðis þakka ég stjórn skólans fyrir gott samstarf. Vonandi sjáum við fram á betri tíma með hækkanði sól og að bæði skólastarf og aðstæður í samfélaginu færist nú í eðlilegra horf.

Jón Björgvin Stefánsson,
stjórnarformaður Keilis



2

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Keilir hefur á annan áratug skipað mikilvægan sess í menntakerfinu og árið 2021 varð engin breyting þar á. Ólíkir nemendahópar sækja ár hvert um nám í Keili af margvíslegum ástæðum. Starfsfólkið hefur þrátt fyrir afar fjölbreytt námsframboð góða tilfinningu fyrir styrkleikum Keilis í kjölfar umfangsmikillar árlegrar gæðavinnu og starfsrýni.

Í Keili er tekið á móti nemendum með persónulegri þjónustu og miklum vilja til þess að sinna nemendum á einstaklingsbundinn og nútímalegan hátt. Nemendur upplifa náið samstarf með öflugum kennurum sem vilja fara framsýnar leiðir í kennslu og tryggja nemendum sínum bæði færni til frekara náms og sérhæfingu á vinnumarkaði. Í kjölfar ársins 2020 þar sem unnið var að því að tryggja fjárhagslegan grundvöll félagsins þurfti að taka næstu skref í vandasamri rýni á rekstur og námsframboði árið 2021.

Unnið var að skýrri stefnu og styrkingu samlegðaráhrifa í rekstri.

Árið 2021 útskrifuðust á fjórða hundrað nemendur af fjölbreyttum námsbrautum.

Keilir fékk formlega viðurkenningu jafnlaunavottunar í lok árs 2021.

Stjórnendabreytingar urðu á árinu.



Nanna Kristjana Traustadóttir
framkvæmdastjóri Keilis

Samhliða þessu fór af stað umfangsmikil og gróskumikil stefnumótunarvinna þvert á svið. Upphaf stefnumótunarvinnunnar á vordögum var hluti af stærra ferli sem unnið var áfram með að hausti og framhaldsvinna undirbúin með þátttöku starfsmanna og stjórnar fyrirhuguð á nýju ári. Starfsfólk sýndi og sannaði í stefnumótuninni að Keilishjartað slær af krafti og það kjarnaðist í gildum Keilis á stefnumótunardegnum; **Samstarf - virðing - framsækni - þjónusta.**

Fjórar hátíðlegar útskriftir fóru fram á árinu 2021. Sú fyrsta í janúar og sú síðasta rétt fyrir árslok. Í heildina útskrifuðust á fjórða hundrað nemendur úr heildstæðum námsbrautum að ótöldum öllum þeim hundruðum nemenda sem luku stökum áföngum eða námskeiðum hjá Keili. Nemendur sem útskrifuðust á árinu fóru ekki varhluta af aðgerðum vegna faraldurs annars vegar og jarðskjálfta og eldgoss hins vegar. Námsupplifun þeirra markaðist að hluta til og/eða í heild sinni af takmörkunum yfirvalda m.t.t. sóttvarnaraðgerða og aðsteðjandi vá vegna eldgossins í Fagradalsfjalli. Keilisfólk bæði fann og sá það hjá nemendum okkar að á þeim var engan bilbug að finna og lögðu þeir hart að sér í námi þrátt fyrir á tíðum miklar breytingar á fyrirkomulagi meðal annars m.t.t. sóttvarnaraðgerða. Á vordögum fór fram talsverð rýni í námsbrautaframboð í Keili og varð til þess að skerpa fókusinn og t.d. setja af stað aftur námsbrautina Ævintýraleiðsögunám sem lá í dvala veturinn þar áður. Þannig má segja að bjartsýni var að finna á árinu þrátt fyrir samfélagslegar aðstæður og takmarkanir.

Til marks um það hversu hratt sumar samfélagslegar breytur hafa áhrif, þá var Jafnréttisáætlun Keilis uppfærð tvisvar sinnum á árinu. Í seinna skiptið í tengslum við þann áfanga að fá útgefna formlega viðurkenningu Jafnlaunavottunar hjá Keili. Nýstofnað Vendinámssetrið festi rætur innan Keilis og var árið 2021 miklar hugmyndir um framtíð þess sem vænta má frekari fréttu af á komandi ári. Stjórn Menntanetsins hélt störfum sínum ótrauð áfram á árinu og samhugur er í þátttakendum um að verkefni innan Menntanetsins verði fundinn farvegur. Menntanetið setti af stað tvö verkefni á haustdögum í samstarfi allra aðildarfélaga. Samstarfssamningur var undirritaður við Bókasafn Reykjanesbæjar á ný eftir margra ára hlé, til mikilla bóta í þjónustu fyrir nemendur og kennara í Keili. Keilir lauk árið 2021 tveimur styrktum sérverkefnum. Annars vegar var það verkefni um upphaf og fyrstu skref í stofnun Flugklasa. Er það nú í höndum nýs fagraðs að finna Flugklasanum hýsingu og leggja drög að næstu skrefum og hyggst Keilir áfram vera aðildarfélagi að Flugklasanum á nýjum vettvangi. Aðild að verkefni um Nýsköpunarsetur ferðaþjónustunnar rann hins vegar sitt skeið um áramót og heldur það nú áfram á nýjum forsendum.

Stórar breytingar urðu hjá Keili í lok sumars þegar Jóhann Friðrik Þáverandi framkvæmdastjóri Keilis hlaut kosningu á þing og sneri sér að störfum á Alþingi í kjölfar mikils og öruggs stuðnings síns kjördæmis. Í kjölfarið fór fram breytingatímabil vegna stjórnendaskipta í Keili og nýr framkvæmdastjóri, tveir nýir forstöðumenn og nýr markaðsstjóri tóku til starfa. Að miklu leyti endurnýjaður stjórnendahópur hefur tekið við keflinu og heldur áfram þeirri vinnu sem árið 2021 hófst með rekstrargreiningu og stefnumótun, með það að markmiði að styrkja stoðir Keilis svo komandi kynslóðir geti leitað í nám í Keili um ókominn tíma til þess að undirbúa sig undir frekara nám á háskólastigi og / eða störf í atvinnulífinu.

Nanna Kristjana Traustadóttir,
Framkvæmdastjóri Keilis



3


HÁSKÓLABRÚ

Árið 2021 voru tvær námsleiðir undir Háskólabrú, aðfararnám á Háskólabrú og fagháskólanám í leikskólakennarafræðum. Aðfararnám á Háskólabrú er nám á framhaldsskólastigi en miðar sérstaklega að því að undirbúninga fullorðna námsmenn fyrir háskólanám og er í sérstöku samstarfi við Háskóla Íslands. Fagháskólanám í leikskólafræðum er 60 eininga diplóma nám á háskólastigi og er í samstarfi við Háskóla Íslands.

Starfsmenn Háskólabrúar árið 2021 voru 19 talsins. Berglind Kristjánsdóttir var forstöðumaður sviðsins, Margrét Hanna verkefnastjóri á Háskólabrú fyrri hluta árs en hún lauk störfum í maí og við keflinu tók Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir. Þá var Heiðrún Scheving Ingvarsdóttir verkefnastjóri fagháskólanáms í leikskólafræðum. Þá störfuðu 16 kennarar á Háskólabrú ýmist í föstu starfi eða sem verktakar í stökum fögum. Kennarar fagháskólanáms í leikskólafræðum voru starfsmenn Háskóla Íslands.

Háskólabrú er aðfaranám sem undirbýr nemendur undir háskólanám.

251 nemandi hófu nám í Háskólabrú á árinu og fjarnám er áfram vinsæll kostur umsækjenda.



Nemendur í Háskólabrú koma víðs vegar að, þó flestir séu þeir af suðvesturhorninu. Einstaka stundar námið erlendis frá.

Námsleiðir

Háskólabrú er aðfaranám sem undirbýr nemendur markvisst undir háskólanám og er Keilir í samstarfi við Háskóla Íslands varðandi skipulagningu námsins. Að lokinni Háskólabrú geta nemendur sótt um háskóla hérlandis og erlendis en flestir sækja nám við Háskóla Íslands. Háskólabrú er bæði kennd í staðnámi og fjarnámi í fullu námi sem er skipulagt til eins árs. Þá er einnig hægt að stunda námið á hálfum hraða í fjarnámi og er þá skipulagt til tveggja ára og hugsað fyrir nemendur sem stunda vinnu samhliða námi. Boðið hefur verið upp á að hefja staðnám að hausti en hægt er að hefja fjarnám bæði að vori og hausti.

Fagháskólanám í leikskólafræðum var sett upp haust 2020 í samstarfi við Háskóla Íslands og í samráði við sveitarfélögin á Suðurnesjum. Markmiðið var að efla menntun á Suðurnesjum og var lögð áhersla á að námið væri sérsniðið fyrir ófaglærðra starfsmenn leikskólanna. Um var að ræða 60 eininga diplómanám skipulagt til tveggja ára og með möguleika á áframhaldandi bakkalárnámi við Háskóla Íslands.

Aðsókn í nám

Árið 2021 hófu 251 nemendur nám á Háskólabrú. Nemendur sem hófu staðnám haust 2021 voru 28 talsins og jókst aðsókn um 7% frá árinu áður en síðustu ár hafa verið um 30 nemendur í staðnámi á Háskólabrú. Aðsókn í fjarnám jókst frá fyrra ári en 229 nemendur hófu fjarnám sem var um 13% aukning. Vor 2021 hófu 104 nemendur fjarnám og þar af voru tæplega 32% nemenda í fjarnámi með vinnu eða 33 nemendur. Haust 2021 hófu 125 nemendur fjarnám og tæplega 40% af þeim eða 52 nemendur skráðu sig í fjarnámi með vinnu.

Í fagháskólanáminu í leikskólafræðum árið 2021 var sami námshópur áfram í námi en þó varð um 20% brottfall vegna ýmissa persónulegra ástæðna. Upphaflega hafði verið lagt upp með að fara af stað með 15 nemendur en alls hófu 33 nemendur um haustið sem var vonum framar. Hluti hópsins hætti strax fyrsta mánuðinn, en eftir fyrsta árið stóðu 24 nemendur eftir. Stærsti hluti nemenda var búsettur á Reykjanesi en einnig voru nemendur af Suðurlandi sem hófu námið.

Meðalaldur, kynjahlutfall og búseta nemendahópsins

Meðalaldur nemendahóps Háskólabrúar í staðnámi haust 2021 var 28 ár en í fjarnámi var meðalaldurinn 31 ár. Í staðnámi var 36% nemenda með búsetu á höfuðborgarsvæðinu og 57% af Reykjanesinu. Í fjarnámi voru tæplega 22% nemendahópsins með búsetu á Reykjanesi en stærsti hluti hópsins kemur frá höfuðborgarsvæðinu eða um 62% nemenda. Þá er alltaf hluti nemendahópsins sem stundar námið í öðrum landshlutum eða erlendis frá. Haustið 2021 voru 1% nemenda með búsetu erlendis og tæplega 15% með búsetu utan Reykjanes og höfuðborgarsvæðis. Kynjahlutfall á Háskólabrú var svipað og árið áður í fjarnámi en konur eru um 62% nemenda en karlar eru 38% nemendahópsins. Í staðnámi var hins vegar jafnt kynjahlutfall 50% karlar og 50% konur. Enginn í nemendahópnum skilgreindi sig með annað kyn.

Meðalaldur nemendahópsins í fagháskólanámi í leikskólakennarafræðum var tæplega 36 ár. Kynjahlutfallið var 100% kvenkyns en ekkert annað kyn sótti um námsleiðina. Þá var 75% nemendahópsins með búsetu á Reykjanesi en 25% nemenda komu af Suðurlandi.

Stuðlað er að jöfnum rétti til náms með því að koma til móts við fjarnámsnemendur vegna lokanámsmats.

Samheldni og samstilltur starfsmannahópur gerir alla vegi færa.

Kapp var lagt á að halda uppi þjónustustigi við nemendur á tímum hörðustu takmarkana vegna heimsfaraldurs.

Fjarnám – hvar sem er

Líkt og fram hefur komið þá var aukin aðsókn í fjarnám á Háskólabrú en árið 2021 bárust 330 umsóknir í fjarnám. Þá eykst nemendafjöldinn sem sækir um fjarnám með vinnu ár hvert enda ákjósanlegur kostur fyrir fullorðna námsmenn sem vilja mennta sig samhliða vinnu.

Fjarnám Háskólabrúar er þess eðlis að nemendur geta stundað námið óháð landfræðilegri staðsetningu enda er möguleiki á prófstöðvum víðsvegar um heiminn og því hægt að stunda fjarnámið nánast hvar sem er í heiminum. Fyrirkomulag námsins er uppbyggt þannig að nemandi undirbýr sig fyrir námsmat sem framundan er og fær leiðbeiningar um hvert hann getur leitað til að skila lokanámsmati sínu. Í sumum tilfellum er lokanámsmat munnlegt svo að allt sem þarf er nettenging og einfaldur tæknibúnaður til að geta skilað sínum verkefnum og lokanámsmati. Okkur þykir afar mikilvægt að geta boðið upp á þennan möguleika fyrir nemendur og teljum að það auki jafnrétti til náms.



„Alltaf til staðar“



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Áframhaldandi áhrif Covid-19

Vorið 2020 skall á heimsbyggðina heimsfaraldur sem engan gat órað fyrir. Faraldurinn hélt svo áfram inn í árið 2021 og hafði þar áhrif á skipulagningu, undirbúning og framkvæmd námsins. En árið 2020 gaf okkur smá forskot og meðvitund um hvað við þyrftum að hafa í huga fyrir árið 2021. Yfir þennan tíma hefur verið lögð áhersla á að halda uppi sömu þjónustu og áður með því að bjóða nemendum upp á rafrænar lausnir og þjónustu. Háskólabrú Keilis bjó nokkuð vel hvað varðar miðlun á námsefni og útfærslu námsmats þegar kom að staðnámi vegna reynslu kennara síðustu ára tengt fjarnámi en jafnframt sem snýr að hugmyndafræði vendináms. Reynt var eftir fremsta megni að halda staðnámi óbreyttu árið 2021 eftir gildandi takmörkunum og tókst það með þrýði. Hins vegar vegna fjölda nemenda í fjarnámi þá var því miður ekki hægt að bjóða nemendum í fjarnámi í hús og vinnulotur færðust því yfir á rafrænt form.

Að mati nemenda og kennara þá var ánægja með viðbrögð skólans og samheldnina sem myndaðist við ógn sem þessa. Þörf var á stöðugri endurskoðun og endurmati hvað varðar alla kennsluhætti og ferla án þessa að skerða gæðin. Jafnframt var nauðsynlegt að sýna meira umburðarlyndi og svigrúm hvað varðar verkefnaskil en áður vegna veikinda eða sóttkvíar. Á heildina litið vissulega krefjandi fyrir nemendur, kennara og annað starfsfólk en með samheldni, faglegum vinnubrögðum og stöðugu samtali var hægt að halda starfseminni gangandi en með breyttu sniði. Þessi krefjandi tími kenndi okkur margt en fyrst og fremst að samheldni og samstilltur starfsmannahópur með fagmennsku að leiðarljósi gerir alla vegi færa.

Fagháskólanám í leikskólafræðum

Árið 2021 hélt Keilir áframhaldandi samstarfi við Háskóla Íslands varðandi fagháskólanám í leikskólakennarafræðum en verkefnið hófst vor 2020 og fyrstu nemendur komu haust 2020. Um er að ræða tímabundið verkefni til tveggja ár og hefur Keilir veitt nemendum þjónustu tengt námsráðgjöf, húsnæði, tölvumálum. Einnig hefur verkefnastjóri námsins verið tengiliður nemenda við Háskóla Íslands og setið í fagraði með stjórnendum þar ásamt forstöðumanni og námsráðgjafa.

Fyrirkomulag námsins vor 2021 hélt áfram líkt á árið áður. Nemendur komu í húsnæði Keilis einu sinni í viku þar sem kennarar Háskóla Íslands komu á staðinn með sína kennslu. Þess fyrir utan þá sinntu nemendur sínu námi í fjarnámi. Þá tengdust nemendur sem voru búsettir á Suðurlandi kennslunni með rafrænum hætti sem gekk vel. Haust 2021 breyttist fyrirkomulagið og nemendur blönduðust nemendum á fyrsta ári í leikskólakennarafræðum og fengu þannig frekari tengingu við Háskóla Íslands. Kennslan fór fram í Stakkahlíð en einnig með rafrænum hætti. Nemendur nýttu húsnæði Keilis einu sinni í viku þegar kennslan var rafræn og héldu áfram þeirra samskiptum við verkefnastjóra, námsráðgjafa og tölvudeild Keilis.

Vor 2021 var ákveðið að auglýsa námsleiðina aftur fyrir haust 2021 en því miður þá náðist ekki í hóp. Haust 2021 hélt samtal við Háskóla Íslands áfram varðandi inntöku á nýjum hópi haustið 2022. Fjármagn hafði ekki fengist fyrir verkefni í lok árs 2021 en bundnar eru vonir við að það takist vor 2022.

Keilir, sveitarfélög á Suðurnesjum og Menntavísindasvið Háskóla Íslands komu að fagháskólanámi í leikskólafræðum.

Undirbúningur undir framhald á verkefninu var í farvegi í lok árs 2021.



Stöðugt er unnið að því að nemendur fái sem besta upplifun af samskiptum og samstarfi við samnemendur og starfsmenn.

Rödd nemenda er ávallt tekin alvarlega og fjölbreyttar aðferðir notaðar til þess að afla skoðana og rýni þeirra á námsupplifun sína.

Þróun í takt við nútímann með tilliti til framtíðar er eitt af meginmarkmiðum í námi og menntun hjá Háskólabrú.

Þróun kennsluaðferða og mikilvægi persónulegrar þjónustu

Háskólabrú er í stöðugri þróun og unnið að því á hverju ári að bæta skipulagningu og þróa námið í takt við nútímann. Vandinámið stendur enn fyrir sínu og nemendur eru mjög ánægðir með þá kennsluaðferð svo við þurfum að halda því vel við. Við reynum ávallt að tileinka okkur nýjustu tækni sem völ er á í rafrænni kennslu og þannig leitast við að gera fjarnámskennslu aðgengileg og persónulega. Kennarar og nemendur eru í miklum samskiptum á meðan áföngum stendur í gegnum hin ýmsu forrit bæði sem nýtast fyrir fjarfundi eða skilaboð. Þegar aðsókn í fjarnám er eins mikil og raun ber vitni þá er áskorun að veita gæðapjónustu. En stefna og áhersla Keilis er ávallt að viðhafa persónulega nálgun og er vilji til að skapa umhverfi sem er einfalt fyrir nemendur til að eiga samskipti en á sama tíma öruggt. Við höfum síðustu ár notað Microsoft Teams til að skapa umhverfi fyrir nemendur til að eiga í samskiptum við samnemendur og kennara. Forritið er ekki eingöngu samskiptaforrit heldur verkefnastjórnunartæki og tilvalið til að nýta í sameiginlegum verkefnum. Þá hefur Moodle jafnframt nýst okkur vel sem kennslukerfi en þó hafa komið upp tillögur að nýju kennslukerfi sem verður skoðað á næstu misserum.

Gæðastarf Háskólabrúar

Í Keili starfar gæðaráð sem skipuleggur og tryggir gæðastarf í samráði við öll svið. Á Háskólabrú er sérstök handbók nemenda þar sem ýmsar gagnlegar og hagnýtar upplýsingar koma fram. Tvisvar sinnum á ári fá kennarar mat á sín störf frá nemendum sem svara kennslukönnun þegar áfanga er að ljúka. Einu sinni á ári er jafnframt matsfundur með nemendum þar sem nemendur fá tækifæri til að koma með ábendingar. Nemendur fá tækifæri til að koma með jákvæðar athugasemdir en geta einnig bent á þætti sem gætu betur farið. Í lok hvers skólaárs þ.e. að vori er matsfundur kennara þar sem farið er yfir veturinn með gagnrýnum augum og þar eru jafnframt dregnir fram þættir sem ánægja er með en jafnframt hvar við gætum bætt starfið.

Ári eftir útskrift nemenda á Háskólabrú eru sendar út kannanir þar sem verið er að skoða hvernig nemendum vegnar eftir útskrift. Þá er verið að kanna hver upplifun þeirra er af náminu eftir útskrift bæði hvað varðar fyrirkomulagið okkar og hvernig þeir telja sig vera undirbúna fyrir áframhaldandi nám. Niðurstöður úr könnun útskrifaðra nemenda árið 2021 voru sambærilegar og þær hafa verið síðustu ár. Nemendur eru ánægðir með undirbúninginn fyrir háskólanámið og þökkuðu kennurum Háskólabrúar sérstaklega. Nefndir voru þættir eins og fagmennska, hjálpssemi og þolinmæði. Við erum stolt af framlagi kennarahópsins og þeirra hæfni í faglegum vinnubrögðum. Það kemur augljóslega fram að þeim er umhugað um nemendur sína hvað varðar námsgengi og líðan. Frábærar niðurstöður fyrir Keili og gefur starfsfólki og kennurum drifkraft til að halda áfram að gera sitt besta og þróa námið sem er órjúfanlegur þáttur í skólastarfi. Þróun í takt við nútímann með tillit til framtíðar er ávallt meginmarkmið Keilis þegar kemur að námi og menntun.

Frá upphafi hafa á þriðja þúsund nemendur útskrifast frá Háskólabrú.

Lærdómsríkt og krefjandi ár en jafnframt aukin tækifæri til þróunar og horft björtum augum til framtíðar.



Útskrift

Skólaárið 2021 útskrifuðust 176 nemendur af Háskólabrú úr stað- og fjarnámi og hafa því í árslok 2021 útskrifast 2217 nemendur frá upphafi skólans. Af þeim 176 nemendum sem útskrifuðust luku 97 nemendur námi af félagsvísinda- og lagadeild, 4 hugvísindadeild, 38 af viðskipta- og hagfræðideild og 37 af verk og raunvísindadeild. Við erum ákaflega stolt af þeim fjölda nemenda sem hefur útskrifast af Háskólabrú og hlökkum til að halda áfram að taka þátt í menntun fullorðinna nemenda sem hyggja á háskólanám í framtíðinni eða styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Lokaorð

Árið 2021 var krefjandi og lærdómsríkt en gaf okkur jafnframt aukin tækifæri. Heimsfaraldurinn hélt áfram með nýjar áskoranir til nemenda og starfsfólks þá aðallega tengt vinnuumhverfi beggja hópa. En hópurinn stóð saman og leitaði lausna hvað varðar fjölbreyttari leiðir í námsmati og breytingu á námsfyrirkomulagi. Kennarar lærðu að treysta því enn frekar að lokanámsmat utan húsnæðis er gerlegt og möguleikarnir eru margir. Námsnóst fyrst og fremst um gæði þess og að virkja og undirbúa nemendur sem best fyrir næstu skref. Aðsókn í fjarnám jókst enn frekar sem gefur okkur vísbendingar um mikilvægi þess að geta boði upp á fjölbreyttar námsleiðir til að auka jafnfrétti til náms hvar svo sem nemendur eru með búsetu. Starfsfólk Háskólabrúar horfir björtum augum til framtíðar og hlakkar til að halda áfram að taka þátt í að móta námsumhverfi fyrir fullorðna og gefa þeim tækifæri á framhaldsmenntun sem nýtist þeim í námi og starfi.



**Berglind
Kristjánsdóttir**
*forstöðumaður
Háskólabrúar*



4

HEILSUAKADEMÍA

Heilsuakademían býður upp á sjö ólíkar námsleiðir sem eiga það sameiginlegt að tengjast heilbrigði og heilsuvernd. Á upphafsárunum var einungis boðið uppá á nám í einkaþjálfun en á þeim 14 árum sem sviðið hefur verið starfandi hefur námsleiðum fjölgað.

Heimsfaraldurinn hafði veruleg áhrif á starfsemina en í lok ársins var starfsemin óðum að færast í fyrra horf. Umtalsverðar mannbreytingar áttu sér stað á árinu og ber þar hæst ráðning á nýjum forstöðumanni um mitt ár. Í kjölfar þeirrar ráðningar var farið í ítarlega greiningarvinnu og endurmat á starfsemi Heilsuakademíunar.

Nýr forstöðumaður kom til starfa sumarið 2021.

Fjölbreytt starfsemi hefur verið á sviðinu og unnið var að því að kjarna sviðið nemendum til hagsbóta.

Aðsókn í NFE námið var undir væntingum og tekin var ákvörðun um að loka námsleiðinni.

Starfsfólk

Um mitt árið lét Arnar Hafsteinsson af störfum sem forstöðumaður Heilsuakademíunnar og við starfinu tók dr. Elvar Smári Sævarsson, íþrótt- og heilsufræðingur. Ragnar Þór Prastarson var ráðinn sem nýr verkefnastjóri Adventure Guide Certificate (AGC) námsins. Ragnar er deildinni ekki að öllu ókunnugur því hann stýrði AGC náminu í upphafi. Haddý Anna Hafsteinsdóttir var sem fyrri ár verkefnastjóri námsbrautar í einkaþjálfun og náms styrktarþjálfun og Bjartmar Steinn Steinarsson tók við sem verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands af Guðmundi Kjerúlf. Eggert Björgvinsson lét af störfum sem kennari við Vinnuverndarskóla Íslands í lok árs. Hjörtur Ingi Hjartarson og Magdalena Maria Poslednik komu til tímabundinna starfa í gegnum átaksverkefni Vinnumálastofnunar og létu af störfum á haustmánuðum. Samið var við Ben Pratt um starfslok í tengslum við lokun á Nordic fitness education (NFE) deildinni. Kennarar við Heilsuakademíuna voru tæplega 30 talsins á árinu. Þrír kennarar komu erlendis frá, frá Noregi, Bandaríkjunum og Írlandi, og kenndu allir við námsbraut í einkaþjálfun og við nám í styrktarþjálfun.

Námsframboð við Heilsuakademíuna

Námsbraut í einkaþjálfun hefur verið í boði frá upphafi og er önnur af tveimur viðurkenndum námsbrautum á framhaldsskólastigi sem kenndar eru við Heilsuakademíuna. Í heildina er námið 180 framhaldsskólaeiningar og þar af eru 80 einingar flokkaðar sem sérgreinar einkaþjálfunar sem eru kenndar á tveimur önnum. Haustið 2021 hófu 32 nemendur nám við brautina.

Nám í styrktarþjálfun hefur verið í boði við sviðið frá 2010 þar sem áhersla er lögð á þjálfun íþróttafólks. Þeir sem hafa sótt námið hafa ýmist haft hug á því að taka að sér þjálfun íþróttafólks eða vilja nýta þekkinguna til eigin þjálfunar. Námið er samkennt að hluta með námsbraut í einkaþjálfun. Haustið 2021 hófu 10 nemendur nám í styrktarþjálfun.

Nordic Fitness Education hóf starfsemi árið 2017 og hefur boðið upp á nám í einkaþjálfun ásamt styttri námskeiðum tengdum heilsu og lífstíl. Öll kennsla hefur farið fram á ensku. Tekin var ákvörðun á árinu að leggja niður þetta nám vegna dræmrar aðsóknar og einnig þótti námið vera óheppilegur samkeppnisaðili við námsbraut í einkaþjálfun. Síðustu nemendurnir, 11 talsins, hófu nám í september 2021 og munu klára í apríl 2022.

Námsbraut í fóttaðgerðafræði telur í heildina 199 framhaldsskólaeiningar og þar af eru 90 einingar tileinkaðar sérnámi fóttaðgerðafræðinnar sem kenndar eru á þremur önnum. Námsbrautin er viðurkennd af menntamálaráðuneyti og Menntasjóður námsmanna veitir nemendum lán fyrir skólagjöldum. Námsbrautin var stofnuð árið 2017 og síðan hafa 29 fóttaðgerðafræðingar útskrifast úr náminu. Fóttaðgerðafræði er löggilt starfgrein og teljast fóttaðgerðafræðingar til heilbrigðisstétta. Góð aðsókn var að náminu haustið 2021 og hámarksfjöldi tekinn inn í námið eða 12 nemendur.

Adventure Guide Certificate (AGC) er nám í leiðsögn í ævintýraferðamennsku og hefur verið í boði frá 2013. Námið er kennt undir handleiðslu Thompson Rivers University í Kanada og telur alls 60 háskólaeiningar (ECTS). Auk innlendra nemenda hafa erlendir nemendur sótt námið í auknum mæli og eru þeir nú um helmingur nemenda. Útskrifaðir nemendur hafa möguleika á að starfa á óhefðbundnum og fjölbreyttum starfsvettvangi út um allan heim. Vegna heimsfaraldursins var ekki farið af stað með námið haustið 2020 en blásið til sóknar á vormánuðum 2021 og hófu 14 nemendur nám um haustið.

Vinnuverndarskóli Íslands (VÍ) hóf starfsemi í lok ársins 2019 og hefur það markmið að bjóða uppá námskeið sem tengjast vinnuvernd og veita réttindi á vinnuvélar. Áhersla hefur verið lögð á að hafa kennsluna sem mest í gegnum netið og þannig óháð landfræðilegri staðsetningu. Árið 2021 fór skólinn í gegnum miklar breytingar og nýr verkefnastjóri ráðinn inn. Í kjölfarið var farið í endurskoðun á stefnum og áherslum skólans.

Aðsókn í nám við Heilsuakademíu Keilis (að Vinnuverndarskóla Íslands undanskildum)

Þegar litið er til ársins 2021 þá var fjölgun á útskrifuðum nemendum frá námsbraut í einkaþjálfun og einnig í námi í styrktarþjálfun frá fyrra ári. Erfitt er að átta sig á áhrifum heimsfaraldursins á aðsókn í þjálfaranám en þjálfunargeirinn var að miklu leyti settur á ís í sóttvarnaraðgerðum yfirvalda. Því má segja að fjölgun frá milli árana 2020 og 2021 hafi komið þægilega á óvart og leita þurfi aftur til ársins 2018 til að finna hærri fjöldatölur.

Heildarfjöldi nemenda við Heilsuakademíuna tók mikið stökk þegar Keilir kaupir Undirbúningsnámskeið fyrir Inntökupróf Læknadeildar Háskóla Íslands árið 2017. Yfir 300 manns hafa skráð sig á námskeiðið ár hvert sem stendur yfir frá ágúst til júní. Ekki er um eiginlega námsleið að ræða heldur er hér á ferðinni námskeið þar sem eftirfylgni með nemendum er engin og ekki er framkvæmt neitt námsmat. Í heildina kláruðu 405 nemendur nám við Heilsuakademíuna á árinu 2021 og þarf voru 318 skráðir þátttakendur á Undirbúningsnámskeiði fyrir Inntökupróf HÍ.

Á árinu 2021 útskrifuðust 8 nemendur úr námi í fótaaðgerðafræði sem er þá mesti fjöldi sem útskrifast hafði úr náminu. Þó nokkuð hefur vantað upp á að námið hafi verið keyrt á fullu afköstum þar sem rými er fyrir 12 nemendur. Vert er þó að minnast þess að 12 nemendur hófu nám á árinu og áætlanir um að aðrir tólf hefji nám í janúar 2022 og því er útlitið mun bjartara fyrir námsbraut í fótaaðgerðafræði en verið hefur.

Aðsókn í NFE námið hefur verið langt undir væntingum frá stofnun þess. Flestir útskrifuðust árið 2021 eða 19 nemendur alls sem er umtalsvert færri heldur en þarf til að námið standi undir sér fjárhagslega. Því var tekin ákvörðun um að loka námsleiðinni.

Kynjasamsetning

Kynjasamsetningu nemendahópa Heilsuakademíunnar er lýst í Töflu 1. Meðalaldurinn var hæstur meðal nemenda í fótaaðgerðafræði en lægstur hjá þátttakendum í Undirbúningsnámskeiði fyrir Inntökuprófið. Meirihlutatölur skiptast jafnt á milli kynjanna, konur í meiri hluta á þremur brautum og karlar einnig. Nám í fótaaðgerðafræði sker sig úr þar sem allir nemendur voru kvenkyns. Í ljósi þess er gaman að geta þess einn karlmaður hóf nám í janúar 2022.

Tafla 1. Samsetning nemendahópa Heilsuakademíu árið 2021						
	Námsbraut					
	Einkaþ.	Styrktarþ.	AGC	Fótaaðg.fr.	NFE	Innt.pr.
Fjöldi	32	11	15	23	16	344*
Aldur	26	30	25	38	28	20
Kyn						
-Konur	60%	40%	33%	100%	44%	75%
-Karlar	40%	60%	67%	0%	56%	25%

*tölur frá febrúar 2021

Búseta

Búsetu nemenda Heilsuakademíunnar er lýst í Töflu 2. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands þá búa um 7,5% landsmanna á Reykjanesi en tæplega 16% nemenda Heilsuakademíunnar koma þaðan. Staðsetning skólans virðist því hafa áhrif á nemendasókn. Þegar litið er til höfuðborgarsvæðisins búa 62% landsmanna á höfuðborgarsvæðinu en aðeins rúmur helmingur nemenda Heilsuakademíunnar kemur þaðan, að Undirbúningsnámskeiði fyrir Inntökupróf Læknadeildar HÍ undanskildu. Mikill meirihluti þeirra sem sækir Undirbúningsnámskeiðið kemur frá höfuðborgarsvæðinu eða tæplega átta af hverjum tíu. Tekið skal fram að öll kennsla á því námskeiði fer fram í gegnum netið eða á höfuðborgarsvæðinu. Tæp fjögur prósent nemenda eru með skráð heimilisfang erlendis og þar er um að ræða nemendur NFE og AGC. Önnur dreifing nemenda við HAK eftir landssvæðum virðist lauslega endurspegla íbúafjölda landhlutanna.

*Mikil dreifing er á aldri
nemenda innan
Heilsuakademíu sem
endurspeglar fjölbreytt og
ólíkt framboð námsbrauta.*

Tafla 2. Búseta nemenda við Heilsuakademíu í október 2021		
	HAK	Innt.próf
Austurland	1,2%	2,3%
Erlendis	3,6%	1,6%
Höfuðborgarsvæðið	53,0%	79,8%
Norðurland	9,6%	3,1%
Reykjanes	15,7%	1,6%
Suðurland	9,6%	3,9%
Vesturland	7,2%	7,8%
Alls	100,0	100,0

Aðsókn í námskeið Vinnuverndarskóla Íslands (VÍ)

Námskeið sem veita réttindi til vinnu við vinnuvélar þ.e. Grunnnámskeið vinnuvéla og Brúkrananámskeið, hafa notið mestra vinsælda. Þó nokkur umsvif hafa einnig verið í kringum námskeið ætluð öryggistrúnaðarmönnum. Lítil hreyfing hefur verið á öðrum námskeiðum sem leiddi til endurskoðunar á námsframboði skólans í lok ársins.

Framtíð og þróun

Heilsuakademían hefur það að markmiði að hlúa vel að þeim námsleiðum sem nú þegar eru í boði. Áhersla verður á að auka gæði þessara námsleiða með því rýna vel í framkvæmd þeirra og hlusta á sjónarmið nemenda. Markvisst verður farið í að skipuleggja markaðsherferðir og þannig reynt að hámarka nýtingu þess fjármagns sem sett er í markaðsstarf í samstarfi við markaðsstjóra Keilis.

Lokaorð

Mikið hefur verið um breytingar á árinu hjá Heilsuakademíunni, bæði af völdum heimsfaraldurs en einnig vegna breytinga á mannahaldi. Nýjar áherslu hafa komið inn með nýju fólki og ráðist var í tímabærar breytingar á ýmsum þáttum í starfsemi Heilsuakademíunnar. Mikil áhersla hefur verið lögð á að uppfæra ferla innan deildarinnar og einnig að auka gæði þeirra námsleiða sem eru í boði við sviðið. Það er trú okkar að góð gæði, og í framhaldi góð ímynd, þeirrar námsleiða sem eru í boði séu besta auglýsingin til lengri tíma. Við höfum einnig mikla trú á því að þær breytingar sem gerðar hafa verið á árinu séu skref í rétta átt í að auka gæði námsleiðanna og horfum við björtum augum til framtíðar. Starfsfólk Heilsuakademíunnar er samheldin hópur sem vinnur vel saman og er virkur í samræðum og skoðanaskiptum um starfsemi og framtíðahorfur Heilsuakademíunnar.



Elvar Smári Sævarsson
Forstöðumaður
Heilsuakademíu



5

MENNTASKÓLINN Á ÁSBRÚ

Menntaskólinn á Ásbrú er framhaldsskóladeild innan Keilis með einni stúdentsbraut og á annan tug fjarnámsáfanga. Starfsemin í MÁ hefur verið í þróun undanfarin ár og haustið 2021 var í fyrsta skipti sem stúdentsbrautin var fullsetin, þ.e. nemendur innritaðir á öll námsár. Þegar skólahald hófst haustið 2021 var þar einn skólameistari í fullu starfi, einn áfangastjóri í hálfu starfi, félagsmálafulltrúi í hlutastarfi og rúmlega tuttugu kennarar ýmist í fullu starfi / hlutastarfi / verktöku. Nemendur MÁ njóta ávallt þjónustu stoðsviða Keilis s.s. námsráðgjafa, kennsluráðgjafa, tæknilegrar aðstoðar og móttöku.

Á haustönn starfaði forstöðumaður tímabundið sem framkvæmdastjóri Keilis samhliða störfum forstöðumanns MÁ og jafnframt sinnti áfangastjóri tímabundið fjölbreyttum viðbótarverkefnum til stuðnings forstöðumanns. Í nóvember 2021 var gengið frá ráðningu nýs forstöðumanns MÁ með upphafi ráðningu 1.janúar 2022.


Menntaskólinn á Ásbrú býður upp á nútímalegt nám til stúdentsprófs með áherslu á tölvuleikjahönnun.

2021 var þriðja árið sem Menntaskólinn á Ásbrú starfrækti stúdentsbraut og því fyrsta árið þar sem námsbrautin var fullsetin.

Fjarnámshlaðborðið veitir nemendum hvaðanæva af tækifæri til þess að taka staka áfanga á framhaldsskólastigi.

Stúdentsbrautin

Í Menntaskólanum á Ásbrú var árið 2021 *þriðja árið* þar sem starfrækt var stúdentsbraut með áherslu á færni í tölvuleikjagerð. Námsleiðin er skipulögð með það í huga að námið sé áhugavekjandi, skapandi og eflandi fyrir nemendur. Námskráin er gerð í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla og samkvæmt leiðbeinandi viðmiðum frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Skipulag og uppbygging brautarinnar var unnin í samstarfi við samstarfsaðila úr atvinnulífinu og í háskólaumhverfinu bæði hérlendis og á alþjóðavísu. Stúdentsprófið er 200 framhaldsskólaeiningar (fein.) og námslokin eru á hæfniprepi þrjú skv. Aðalnámskrá framhaldsskóla.



Lögð er rík áhersla á bæði nútímalega kennsluhætti og vinnuaðstöðu á stúdentsbrautinni. Fyrir utan nám í hefðbundnum kjarnagreinum vinna nemendur sérstaklega með færni og þekkingu sem býr þá undir áframhaldandi framhaldsnám í greinum sem tengjast tölvuleikjagerð á fjölbreyttan hátt. Nemendur sem útskrifast af brautinni öðlast hagnýta menntun í tölvuleikjagerð, skapandi greinum og frumkvöðla- og markaðsfræðslu. Námið tekur mið að þörfum allra nemenda á einstaklingsbundinn hátt. Hver nemandi fær tækifæri til að nýta styrkleika sína, sem er lykilþátturinn í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd.

Inntaka nýrra nemenda

Markaðsstarf 2021 markaðist líkt og fyrra ár af heimsfaraldri. MÁ tók virkan þátt í *rafrænni* UT messu í febrúar 2021. Á UT messunni var MÁ m.a. beðinn um að vera með viðburð og sett var upp leikjastreymi sem streymt var í rauntíma við góðar undirtektir, en á annað hundrað manns fylgdust með streyminu. Þátttakendur fyrir hönd MÁ í streyminu voru einn nemandi og einn starfsmaður MÁ. Stjórnendur MÁ náðu að fara í nokkrar grunnskólakynningar áður en heimsfaraldurinn stöðvaði kynningarstarf annað árið í röð. Fjarnámsáfangar Keilis voru árið 2021 hvorki auglýstir né fengu þeir aðrar kynningar.

Á meðan sérhæfingin laðar suma umsækjendur að, þá er það nútímalegt vinnulag sem hefur úrslitaáhrif hjá öðrum. Hvoru tveggja jafn þýðingarmiklir þættir í starfseminni.


Aðsókn í nám í Fjarnámshlaðborðið heldur velli og er í hægum vexti þrátt fyrir að vera ekkert auglýst. Fjöldi einstaklinga sem sóttu fjarnámsáfanga árið 2021 voru tæplega þrjú hundruð. Aðsókn í nám á stúdentsbrautinni fyrir haustið 2021 var þrátt fyrir aðstæður vegna heimsfaraldurs ágæt, sbr. töflu:

Umsækjendur	1. val	2. val	Samtals
Útskriftarárgangur 2021			
Kvenkyn	6	3	9
Karlkyn	19	9	28
Óskilgreint	-	-	-
Eldri umsækjendur			
Kvenkyn	-	-	-
Karlkyn	10	2	12
Heildarfjöldi umsækjenda	35	14	49

Tveir þriðju nemenda á stúdentsbraut í MÁ koma af Suðurnesjunum.

Skólastarfið

Starfsemin í MÁ er eina sinnar tegundar á Íslandi bæði m.t.t. sérhæfingar, samstarfs við atvinnulífið og vinnubrögð í bóklegu stúdentsnámi svo og fjarnámshlaðborði. Nemendur sem sækja í nám á stúdentsbrautinni hafa af þessum sökum verið nokkuð jafnt frá höfuðborgarsvæðinu og frá Suðurnesjum, þó benda umsóknartölur til þess að umsækjendum frá Suðurnesjum fari fjölgandi. Fjarnámshlaðborðið er einnig með sérstöðu á markaði, en þar stendur umsækjendum til boða að sækja framhaldsskólaeiningar í fjölbreyttum áföngum óháð önnur, þ.e. námstímabilið er ekki háð tilteknum dagsetningum, s.s. líkt og í hefðbundnu annarskipulagi. Þannig getur umsækjandi hafið nám í áfanga *um leið og innritun hefur farið fram*, eða innan tveggja virkra daga.



Samþykktir í námið	Fjöldi
Reykjanes	21
Höfuðborgarsvæðið	11
Vesturland	1
Suðurland	1
Samtals	34

Félagsstarf nemenda leið fyrir takmarkanir yfirvalda vegna heimsfaraldurs og þurfti nemendafélag MÁ að nýta rafrænar lausnir til fjölbreyttra félagsstarfa.



Aðilar í hugverkaiðnaði hafa frá upphafi verið dyggur stuðningsaðili vegna stúdentsbrautarinnar.

Skólastarfið á stúdentsbrautinni árið 2021 markaðist að miklu leyti af aðgerðum yfirvalda vegna heimsfaraldurs. Starfsfólk sinnti störfum sínum að heiman af mikilli kostgæfni og nemendur sýndu æðruleysi þrátt fyrir vaxandi einangrun og miklar skorður á félagslífi. Vikulegir fundir voru haldnir af mennta- og menningarmálaráðuneytinu með skólastjórnendum annað árið í röð, þátttakendum til mikils gagns. Samstarf við aðila í hugverkaiðnaði og atvinnulífinu var að mestu leyti skipulagt í fjarsamstarfi. Samstarfsverkefni skipta máli fyrir MÁ, bæði vegna sérhæfingar nemenda en einnig vegna áhugavekjandi, nútímalegra vinnubragða. Verkefni í áföngum í tölvuleikjagerð eru unnir í samstarfi við valin fyrirtæki úr atvinnulífinu. Meðal þeirra aðila sem störfuðu með MÁ að slíkum verkefnum árið 2021 voru CCP, Solid Clouds, Parity og Vinnuverndarskólinn hjá Keili.

Starfsemin er vel skipulögð, fagleg og nemendur ánægðir.

Að vori fara fram inntökuviðtöl við alla umsækjendur um nám á stúdentsbrautinni. Stjórnendur brautarinnar sjá alfarið um viðtölin. Þau fara fram í húsnæði Keilis eða á fjarfundi eftir atvikum. Það hefur verið stór hluti af inntökufærli á mörgum sviðum Keilis að taka inntökuviðtöl og er litið svo á að um ákveðna nemendapjónustu sé að ræða enda gefst umsækjendum tækifæri til þess að spyrja ítarlega út í námsaðstæður og fyrirkomulag. Í ljósi þess hvernig faraldurinn setti sitt mark á starfsemina vorið 2021 var það ánægjulegt að mikil samstaða var í rýnihópi starfsmanna um mikilvægi þess að það þyrfti að leggja aukalega til málanna tengt félagsmálum nemenda. Skólinn hefur þrátt fyrir sinn unga aldur og smæð þegar fundið sinn vísi að sérstöðu í félagslífi í flokki framhaldsskóla, en nemendur MÁ komust langt í rafíþróttakeppni framhaldsskólanna vorið 2021. Haustið 2021 tók til starfs félagsmálafulltrúi í hlutastarfi sem hefur leitt nemendur í frekari uppbyggingu nemendafélags með frábærum árangri.

Í kjölfar aukinnar aðsóknar hefur verið unnið að því að gefa Fjarnámshlaðborðinu færi á vexti á komandi misserum.

Kennarahópurinn í MÁ er sérstaklega framsýnn og áhugasamur um að gera vel.



Nanna Kristjana Traustadóttir
fráfarandi
forstöðumaður
Menntaskólans á Ásbrú

Í Fjarnámshlaðborðinu var kallað saman teymi þvert á svið hússins til þess að rýna framhaldið á Hlaðborðinu. Í kjölfarið var sett saman áætlun um þróun áfanga og jafnframt kallað eftir röddum forstöðumanna annarra sviða m.t.t. þess hvers eðlis slíkir áfangar ættu að vera. Fjarnámshlaðborðið var upprunalega þróað vegna þjónustu við nemendur annarra kennslusviða hjá Keili og mikilvægt að það sinni því hlutverki áfram, þó samhliða því að vaxa í kjölfar aukins áhuga nemenda utanhúss á því að sækja áfanga í Fjarnámshlaðborðið.

Undirbúningur fyrir haustið var talsverður vorið 2021 í ljósi þess að enn var Menntaskólinn að stækka. Þarfagreiningu var skilað til Menntasviðs og í samstarfi við húsþjónustu og teymi starfsmanna var skipulag nýrrar kennslustofu ákvarðað og sett í framkvæmd.

Gæðastarf – aðferðir og markmið

Samkvæmt reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum er árangur og gæði skólastarfsins metinn með kerfisbundnum hætti. Virkt mat er samofið annarri starfsemi skóla. Það er umbótamiðað og nær til allra helstu þátta skólastarfsins. Virk þátttaka starfsmanna, foreldra, nemenda og skólaráðs er í innra mati og matið byggir á fjölbreyttum aðferðum til söfnunar matsgagna. Gæðamat sem skipulagt var fyrir skólaárið 2021 inniheldur eftirfarandi þætti:

- Matsfundur kennara 2x á önn
- Matsfundur nemenda 1x á önn
- Kennslukönnun nemenda í lok hvers áfanga
- Samtal við foreldra (ánægjukönnun)

Í kjölfar matsþátta er gerð samantekt og sett fram úrbótaáætlun í samstarfi við fagteymi brautarinnar og starfandi gæðaráð Keilis. Fyrstu niðurstöður matsþátta að hausti 2021 gefa sterklega til kynna að starfið sé vel skipulagt og faglegt, nemendur eru ánægðir, í kennurum er mikill hugur og foreldrar telja börnin sín ánægð. Úrbótaáætlun tekur á þeim liðum sem bæta má í starfseminni og unnið að því að taka á öllum þáttum og setja úrbætur í farveg eins fljótt og hægt er.

Lokaorð

Í desember 2021 fór fram fyrsta útskrift frá Menntaskólanum á Ásbrú. Einn nemandi útskrifaðist með afburðaárangur og kláraði viðkomandi nám sitt á eingöngu fimm önnum, þó gert sé ráð fyrir því að meðalnámstími séu sex annir. Um er að ræða afar stóran áfanga fyrir starfið í Menntaskólanum, en vorið 2022 er gert ráð fyrir að útskrifa fyrsta hóp nemenda. Í MÁ eru hugmyndir framkvæmdar og hugaðir nemendur feta ótroðnar slóðir. Starfsmenn eru þó ekki síður hugaðir og það er magnaður hópur starfsmanna sem setur sér markmið á hverju vori fyrir haustið og nær þeim markmiðum ítrekað. Nú þegar horfir til bjartari tíma hvað varðar takmarkanir þarf á ný að setja af stað öflugt kynningarstarf á framsýnni og öflugri stúdentsbraut auk þess að halda áfram að styðja unga fólkið okkar í uppbyggingu félagslífs. Fjarnámshlaðborðið er jafnframt búið að sanna gildi sitt og hefur í nútímasamfélagi svar við kröfum fólks um að sinna stökum áföngum þegar þeim hentar, en ekki samkvæmt íhaldssömu skóladagatali. Fjarnámshlaðborðið styrkir stoðir allra sviða í Keili og er nú tímabært að huga að því að setja af stað kynningar og leyfa því að vaxa enn frekar.



6

FLUGAKADEMÍA ÍSLANDS

Það má með sanni segja að efnahagsáfall vegna heimsfaraldurs hafi haft mikil áhrif á flugrekstur og flugkennslu. Eftir erfiðleika ársins 2020 voru miklar vonir bundnar við árið 2021. Árið fór hægt í gang og nemendafjöldi í flugnámi varð nokkurn veginn í samræmi við áætlanir sem voru hófsamar.

Farið var í hagræðingaraðgerðir sem sneru að endurfjármögnun, breytingum á starfsliði, endurskoðun verkferla, notkun tölvukerfa og húsnæðismál svo fátt eitt sé talið.

Segja má að þrátt fyrir erfitt rekstrarumhverfi þá hafi áætlanir náð fram að ganga og framleiðni Flugakademíunnar hefur verið í takt við spár.

Stjórnskipulag skólans hélst óbreytt á árinu 2021, enda mikil þörf á stöðugleika eftir umrót síðustu ára. Smávægilegar breytingar urðu þó á starfsliði og Nanna Kristjana Traustadóttir tók við stöðu framkvæmdastjóra Flugakademíu Íslands samhliða stöðu framkvæmdastjóra Keilis. Álag á starfsfólk hefur verið umtalsvert og verkefni næstu missera er að skipuleggja starfsemina á þann veg að nýting starfsfólks sé jafnan góð og að því sé veittur nauðsynlegur stuðningur til að vaxa og eflast í starfi um leið og genginn er hinn gullni meðalvegur á milli vinnu- og frítíma.

Þrátt fyrir erfitt rekstrarumhverfi hafa áætlanir náð fram að ganga.



Húsnæðismál

Talsvert bar á breytingum á húsnæðismálum skólans á árinu 2021, en þá var ákveðið að hafa báða flugherma skólans undir sama þaki í glæsilegri aðstöðu að Ásbrú. Einnig var ákveðið að segja upp samningum við Tækniskólann um leigu á kennslustofum í Hafnarfirði og var öll bókleg kennsla færð í húsnæði Keilis að Ásbrú í lok árs. Frekari greining á húsnæðisþörf skólans eru fram undan, sérstaklega hvað varðar verklega kennslu á flugvöllunum á Suðvesturhorninu en einnig varðandi bóklega flugkennslu á höfuðborgarsvæðinu. Starfsaðstaða á Reykjavíkflugvelli fékk kærkomna andlitslyftingu og einnig var bætt úr aðstöðunni á Keflavíkflugvelli.

Flughermar Flugakademíunnar eru nú sameinaðir í glæsilegri aðstöðu á Ásbrú.

Fjárhagsstaða

Fjárhagsleg endurskipulagning tók á sig endanlega mynd á árinu og tókst að gera góða samninga til að tryggja rekstur Flugakademíu Íslands í náninni framtíð.

Búið er að selja tvær Tecnam flugvélar úr flugflota skólans og áætlanir um að selja þrjár til viðbótar á næstunni. Verið er að skoða flugflotamál skólans með framtíðarsýn í huga. Skólinn þarf að ráða við aukinn fjölda flugnema á næstu árum og tryggja að hægt verið að veita þeim þá þjónustu sem nemendurnir og flugfélögin kalla eftir.

Flugöryggis- og gæðamál

Áhersla á flugöryggi er gríðarlegt í öllum störfum hjá Flugakademíu Íslands. Má með sanni segja að öryggismenning skólans sé að vaxa vel úr grasi og gæðin eru eins og hjá stórum flugfélögum. Í þessum málum höfum við náð árangri og metnaður er mikill að halda öryggismálum í fyrsta flokki.

Öryggismenning skólans er að vaxa vel úr grasi og er eins og hjá stórum flugfélögum.

Framtíðarsýn og þróun

Flugakademía Íslands tók þátt í samstarfi með stofnun Flugklasa Íslands og leiddi þá stefnumótunarvinnu sem fór af stað á árinu. Þó Flugakademían sé ekki lengur beinn rekstraraðili Flugklasans, þá er boltinn farinn að rúlla og faghópar innan klasans farnir að vinna öflugt starf sem mun nýtast í flugiðnaði á Íslandi á margvíslegan hátt.

*Áform um nýja
kennslu- og
æfingaflugvelli þarf að
skoða í víðu samhengi.*

*Hagsmunir nemenda
skólans verða ávallt í
fyrirrúmi.*

*Tryggja þarf aðgengi að
flugnámi í íslensku
samfélagi m.t.t.
efnahagsumbóta og
öflugs flugiðnaðar.*



Kári Káráson
*forstöðumaður
Flugakademíu Íslands*

Á árinu var einnig tekin ákvörðun um að taka þátt í verkefni að flytja rafmagnskennsluflugvél til landsins og bíður hún nú þess að hefja flug. Verður hún notuð í flugkennslu hjá Flugakademíu Íslands og öðrum flugskólum og reynsla af notkun hennar metin.

Þar sem flugumferð er farin að aukast, þá getur verið erfitt fyrir Flugakademíu að fá pláss á alþjóðaflugvöllum eins og Keflavíkurflugvelli. Tafir eru að aukast og nýting flugvéla versnar þar sem kennslu- og æfingaflug er bannað hluta úr degi. Við þessu þarf að bregðast og hugsa lengra fram í tímann.

Var Flugakademía kölluð á fundi með ISAVIA, Samgönguráðuneyti og forsvarsmönnum sveitarfélaga á Suðurlandi sem kynntu ný tækifæri til að byggja upp kennslu- og æfingaflugvöll utan höfuðborgarsvæðisins. Slík áform þarf að skoða í víðu samhengi þar sem hagsmunir skólans og nemenda hans verða ávallt í fyrirrúmi.



Lokaorð

Fagmennska, öryggi og þjónusta eru kjörorð Flugakademíu Íslands og aldrei of oft kveðin. Með samhentum hópi starfsfólks sem leggur faglegan metnað í skólastarfið af lífi og sál, eru skólanum allir vegir færir. Tækifærin bíða handan við hornið nú þegar yfirvofandi flugmannaskortur er á allra vörum. Flugskólar munu þurfa að bregðast hratt við á árinu 2022-2023 til að menntun flugmanna gangi eðlilega fyrir sig og að flugþjálfun verði ekki flöskuhálsinn sem hindrar að efnahagsumbætur vegna öflugs flugiðnaðar líti dagsins ljós.



Keilir
Háskólabrú



Keilir
Heilsuakademía



7

MENNTA- OG ÞJÓNUSTU- SVIÐ

Hlutverk Mennta- og þjónustusviðs eru m.a. samskipti, skýrslugerðir og gagnaúrvinnsla fyrir Menntamálastofnun, Menntamálaráðuneyti, Hagstofuna og Menntasjóð námsmanna. Sviðið hefur umsjón með umsóknarvef, nemendabókhaldi og stundatöflugerð á Innu, framkvæmd prófa, framkvæmd útskrifta og ber ábyrgð á skólanámskrá. Framkvæmir kennslu- og þjónustukannanir, heldur matsfundir á öllum sviðum og heldur utan um gæðamál, ásamt því að skipuleggja og hafa yfirsýn yfir stofunýtingu og þá starfsemi sem á sér stað innan Keilis.

Þá er hlutverk Mennta- og þjónustusviðs einnig að sinna tölvuþjónustu fyrir nemendur og starfsfólk, þróun og umsjón kennslukerfis í stað- og fjarnámi og til fyrirtækja, náms- og starfsráðgjöf, vefstjórn, prófstjórn og að aðstoða kennara með hljóðvinnslu og upptökur. Sviðið tekur saman tölulegar upplýsingar sem snúa að nemendum, sinnir kennsluráðgjöf til kennara og þjálfa alla kennara og nemendur Keilis til notkunar á kennslukerfi. Einnig er Mennta- og þjónustusvið stoðsvið við önnur svið Keilis og kemur að hinum ýmsu verkefnum innan skólans.

Fjórar útskriftir voru haldnar á árinu, hver með sínu sniðinu vegna mismunandi takmarkana yfirvalda m.t.t. heimsfaraldurs.

Undirbúningur á innleiðingu nýs kennslukerfis stóð yfir mest allt árið 2021 og á nýju ári verður Canvas innleitt á öllum sviðum Keilis.

Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að styrkja sjálfstæði og sjálfstraust nemenda með ráðgjöf sinni.

Um sviðið

Mennta- og þjónustusvið er stoðsvið við önnur svið sem starfa innan skólans. Undir Mennta- og þjónustusvið fellur tölvuþjónusta, nemendaskráning, nemendabókhald, kennsluráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf, prófstjórn, vefstjórn, skjalastjórn, rekstur mötuneytis, þjónustuborð, innheimta skólagjalda og umsjón með þrifum. Fjöldi starfsfólks á Mennta- og þjónustusviði árið 2021 var þrettán, átta í 100% stöðu, fjórir í 50% stöðu og einn í 37,5% stöðu.

Á haustdögum 2021 urðu þær breytingar á sviðinu að húsnæðissvið og Keilisgarðar voru færðir yfir á fjármálasvið og á móti bættist við sviðið vefstjórn og umsjón með frumkvöðlasetri. Vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar var árið heldur óhefðbundið og oft þurfti að hugsa í lausnum. T.d. voru haldnar fjórar útskriftir á árinu en allar með sitthvoru sniðinu vegna aðstæðna á hverjum tíma. Megin áherslan var eins og alltaf að þjónusta nemendur og starfsfólk eftir bestu getu, sama hverjar aðstæður væru. Eitt stærsta verkefni Mennta- og þjónustusviðs á árinu var samningagerð og undirbúningur að innleiðingu nýs kennslukerfis, sem nefnist Canvas.

Skjalastjórn

Skjalastjóri sinnir skjalastjórn í 50% starfshlutfalli. Á árinu hófst undirbúningsvinna við að hefja umsókn á rafrænni skjalavörslu til Þjóðskjalasafns Íslands. Hluti af þeirri vinnu var að skanna öll gömul skjöl og setja í rafrænt form svo hægt væri að færa gögnin í skjalavörslukerfi Keilis. Einnig var hafist handa við að uppfæra notendahandbók og málalykil. Málalykill var einfaldaður og notendahandbók var einfölduð með það að markmiði að lýsa betur starfsemi Keilis. Notast er við skjalavistunarkerfið Gopro sem er nú kallað Kistan eftir kosningu innanhús um nýtt nafn á kerfinu.

Náms- og starfsráðgjöf

Tveir starfsmenn sinna náms- og starfsráðgjöf, báðir í 100% stöðu og hafa samhliða því sinnt fleiri verkefnum eins og að aðstoða kennsluviðin með umsóknir, sinna hluta af prófstjórn og fleira. Á árinu var stöðunum tímabundið breytt í tvo ráðgjafa í samtals 150% stöðu þar sem annar ráðgjafinn fór að hluta til í annað starf innan Keilis. Í haust kom til okkar nemi í náms- og starfsráðgjöf í 200 stunda vettvangsnám.

Námsráðgjafar Keilis hafa leitast við að veita nána og persónulega ráðgjöf með það að markmiði að styrkja sjálfstæði og sjálfstraust nemenda. Í því skyni leitast ráðgjafarnir við að vera til staðar þegar nemendur þurfa á að halda og vera mjög sýnilegir í öllum rýmum skólans.

Undanfarin ár hafa námsráðgjafar sinnt nemendum allra sviða skólans en þjónusta við nemendur á Háskólabrú og Menntaskólann hefur þó verið ráðandi í starfi ráðgjafanna.

Örar breytingar á námsframboði Keilis og aukið hlutfall nemenda í fjarnámi gera kröfur til námsráðgjafa um sveigjanleika og þróun vinnuaðferða og samskiptamáta.

Námskeið eru aðgengileg nýjum kennurum m.t.t. þess að koma til skila mikilvægum upplýsingum um vinnubrögð við nám og störf hjá Keili.

Kennarar fá virka kennsluráðgjöf í kennslufræðum og tæknimálum.

Tæknimál af ýmsum toga eru til skoðunar á hverju ári, m.a. var 2021 unnið að því að nýta aðferðir og tækni til þess að varpa þráðlaust kynningum frá tölvu á skjá eða tjald.

Fyrir vikið hefur heimsfaraldur kórónuveirunnar einungis ýtt undir það að starfsmenn séu opnir fyrir nýjum nálgunum á hverjum tíma. Á síðastliðnu ári hefur sá þáttur gengið nokkuð vel og hefur ráðgjöf í fjarfundum aukist til muna. Vissulega er þó alltaf pláss fyrir þróun og breytingar sem geta bætt þjónustu náms- og starfsráðgjafa enn frekar og þá ekki síst ráðgjöf er snýr að fjarnámi.

Kennsluráðgjöf

Áhersla er lögð á að taka vel á móti öllum nýjum kennurum, kynna þá fyrir þjónustu Mennta- og þjónustusviðs og mynda við þá góð tengsl frá upphafi. Markmiðið er að allir kennarar viti hvaða þjónusta er í boði og hvar sé hægt að leita aðstoðar eða innblásturs. Kennarar nýta sér þessa þjónustu í auknum mæli. Á árinu var haldin vinnustofa fyrir kennara undir yfirskriftinni „Eflum okkur innanhúss“ þar sem aðaláherslan var á að virkja mannauðinn í húsinu og kynnast styrkleikum þvert á sviðin. Þar var á dagskrá Office pakkin og hvernig mætti nýta marga möguleika þar betur, fjallað var um agamál og þverfaglegt samstarf. Einnig áttu sér stað góðar umræður um námsmat og ýmsar breytingar sem tengdust viðbrögðum við Covid ástandinu.

Til að einfalda kennsluráðgjöf og tryggja að allir kennarar hafi aðgang að mikilvægum upplýsingum, hefur kennsluráðgjafi sett upp Moodle áfanga fyrir kennara inni á Moodle svæði kennslusviðanna.

Kennsluráðgjafi og Mennta- og þjónustusvið, í samvinnu við forstöðumanna, halda einnig utan um Moodle áfanga fyrir nýnema í flestum deildum skólans, þar sem farið er yfir mörg af helstu atriðum sem vefjast gjarnan fyrir nemendum í upphafi náms. Námskeiðinu hefur verið vel tekið og ljóst er að þessi þjónusta er komin til að vera.

Eitt af verkefnum ársins var að undirbúa innleiðingu Canvas kennslukerfisins sem á að leysa Moodle af hólmi og framundan er innleiðing á því kerfi.

Tölvudeild

Á haust dögum urðu breytingar á starfshlutfalli kerfisstjóra, en það fór úr 50% í 100% stöðu og vefstjóri bættist við deildina í 37,5% stöðu þegar sviðið tók við vefstjórn.

Keyptur var búnaður sem heitir Airtame fyrir flestar kennslustofur og er hann notaður til þess að varpa frá tölvu yfir á skjávarpa þráðlaust. Uppsetning hefur gengið vel og er búnaðurinn kominn í flestar stofur skólans.

Á árinu var ákveðið að breyta um kennslukerfi fyrir flest kennslusvið og hætta þá með Moodle og fara yfir í kennslukerfið Canvas og er undirbúningur að innleiðingu á því kerfi hafin. Þessar breytingar munu þýða það fyrir tölvudeild að kennslukerfi verði ekki lengur hýst innanhús nema að litlum hluta.

Leitað var lausna við að finna gott innanhús samskipta kerfi sem geta leyst önnur dýrari kerfi af hólmi og geta jafnframt tengst betur þeim kerfum sem nú þegar er verið að nota og því auðveldað starfsfólki vinnuna. Sú vinna gekk vel og prufukeysla hafin á nýju kerfi innan kerfis sem Keilir er nú þegar að borga af og því er um þó nokkra hagræðingu að ræða.

Podcast rými var sett upp og tekið í notkun. Er það nýtt af starfsfólki Keilis, nemendum og einnig hefur það verið leigt út til utanaðkomandi aðila.

Fleiri og fleiri starfsmenn óskuðu eftir að tölvusímar yrðu settir upp hjá þeim. Síminn er þá í tölvum starfsmanna og ekki er þörf á borðsíma. Stefna tölvudeildar er að allir nýir starfsmenn fái tölvusíma í stað venjulegs borðsíma og þeir núverandi starfsmenn sem þess óska.

Ný heimasíða fór í loftið á árinu með tilheyrandi vinnu og eftirfylgni.

Helstu verkefni framundan er innleiðing nýs kennslukerfis ásamt því að straumlínulaga þau kerfi sem eru í notkun.

Stærri útskriftir hafa undanfarin ár farið fram í Hljómahöll.

Útskriftir

Fjórar útskriftir voru haldnar á árinu. Janúar útskrift var með óhefðbundnu sniði vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar en af þeim sökum fór hún aðeins fram rafrænt í beinu streymi. Nöfn útskriftarnema voru lesin upp og gafst þeim tækifæri til að senda inn umsagnir um námstíma sinn sem voru lesnar upp í stað formlegrar ræðu fyrir hönd útskriftarnema. Júní útskrift tókst að halda með hefðbundnum hætti í Hljómahöll en þó voru gestir ekki leyfðir vegna fjöldatakmarkana. Einnig var ágúst útskrift Háskólabrúar haldin í húsnæði Keilis með sama fyrirkomulagi. Í desember útskrifaðist svo fyrsti nemandinn frá Menntaskólanum á Ásbrú og fór athöfnin fram í húsnæði Keilis að viðstöddum gestum. Árið 2021 útskrifaði Keilir 319 nemendur í heildina, flestir útskrifuðust af Háskólabrú eða 176 nemendur. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda útskriftarnema eftir brautum árið 2021. Í lok árs 2021 hafði Keilir útskrifað 4241 nemendur frá upphafi.

Braut	Fjöldi:
Háskólabrú-Fjarnám	155
Háskólabrú-staðnám	21
ÍAK-Einkaþjálfarar	26
ÍAK-Styrktarþjálfarar	26
ATPL - Atvinnuflugmannsnám	37
PPL - Einkaflugmannsnám	18
Ævintýraleiðsögunám	8
Fótaaðgerðafræði	8
Nordic Fitness Education	19
Menntaskólinn á Ásbrú	1
Samtals árið 2021:	319

Markvisst var unnið út frá úrbótaáætlun fyrra árs og unnið að umbótum þvert á svið.

Gæðamál

Gæðaráð leitast við að starfsemin taki sem mest mið af markmiðum Keilis. Í því skyni stuðlar gæðaráð að innra eftirliti, ytri úttektum sem og tillögum til úrbóta eftir því sem kostur er. Skal stöðugt leitað eftir samstarfi nemenda og starfsfólks í þessu skyni.

Gæðaráð er skipað einum aðila frá hverju sviði valið af framkvæmdastjóra. Einnig eru fulltrúar foreldra, kennara og nemenda kallaðir á gæðaráðsfundi þegar við á. Gæðaráð fundaði átta sinnum á árinu eða fjórum sinnum á hverri önn. Einnig nýtir gæðaráð samskiptasíðu sem notast var við á milli funda ef þess var þörf.

Á árinu vann skólinn markvisst að framkvæmd sjálfsmats í samræmi við áætlun um innra mat og fjöldi innri úttekta voru framkvæmdar. Einnig var áhersla lögð á að yfirfara alla ferla í gæðahandbók og búnir til vinnuhópar til að fara yfir allar stefnur Keilis. Úrbótaáætlun var gerð út frá niðurstöðum innri úttekta og markvisst unnið út frá þeim á nýju skólaári.

Yfirlit um innri úttektir á árinu:

- Kennsla og kennsluhættir (matsfundir, kennslukannanir)
- Tölulegar upplýsingar (skráningarbrottfall, aldur, kyn og búseta nemenda, nemendafjöldi, fjöldi útskrifaðra og brottfall eftir að nemendur byrja í námi)
- Starfsmannasamtöl og vinnustaðakönnun starfsfólks
- Könnun um líðan nemenda og þjónustu skólans
- Prófanir í tölvudeild
- Náms- og starfsgengi þeirra sem útskrifaðir eru
- Úttekt á stöðu eigna
- Ánægjukönnun foreldra ólögráða nemenda.

Meðalfjöldi nemenda eftir sviðum er ólíkur eftir árstíma og virkra námskeiða. Fjölmennasta sviðið er ÍAK að vori, en þá fer fram námskeið vegna inntökuþrófs í læknisfræði.

Tölulegar upplýsingar

Hér að neðan er tafla sem sýnir fjölda nemenda eftir sviðum á vor- og haustönn 2021.

Svið	Fjöldi vorönn	Fjöldi haustönn
HBR	347	335
ÍAK	422	228
MÁ	175	220
IAA	268	235
Samtals	1212	1018

Í töflunni hér fyrir neðan kemur fram meðalaldur nemenda eftir sviðum á vor- og haustönn 2021. *Nemendur í fjarnámshlaðborði eru ekki meðtaldir í meðalaldrinum í MÁ, en aldursdreifing í fjarnámsáföngum er breiðari en í stúdentsnámi.

Svið	Meðalaldur vorönn	Meðalaldur haustönn
HBR	32	32
ÍAK	29	26
MÁ*	17	18
IAA	25	25
Meðalaldur nemenda í Keili	26	27

Meðalaldur nemenda í Keili er ~26 ár. Það er þó talsverð dreifing milli sviða, en stúdentsbrautin í MÁ tekur fyrst og fremst nemendur beint úr grunnskóla.

Kynjaskipting nemenda í Keili er nokkuð jöfn þegar litið er heilt yfir öll svið. Það gefur þó að skilja að sú er ekki staðan í sérhverri námsleið. Á myndunum hér fyrir neðan sést kynjaskipting nemenda á vor- og haustönn 2021.



Anna María Sigurðardóttir
forstöðumaður
Menntasviðs



8

MARKAÐSSVIÐ

Miklar breytingar voru á skipulagi markaðsstarfs Keilis og Flugakadémiunnar á árinu 2021. Í upphafi árs tilheyrði markaðsstarf Keilis nýsköpunarsviði þar sem Arnbjörn Ólafsson starfaði sem forstöðumaður sviðsins. Með honum störfuðu Berglind Sunna Bragadóttir sem verkefnastjóri upplýsinga- og kynningarmála og Þórir Erlingsson sem verkefnastjóri ferðapjónustunáms. Í apríl 2021 tók Alexandra Tómasdóttir við starfi markaðsstjóra Flugakadémiu Íslands og tók hún síðar á árinu við starfi markaðsstjóra Keilis.

Markaðsstjóri Keilis starfar nú beint undir framkvæmdastjóra og gerir það í nánun samstarfi við forstöðumenn allra sviða Keilis sem og verkefnastjóra allra námsleiða.

Í samstarfi við forstöðumenn heldur markaðsstjóri utan um almenn markaðs- og kynningarmál Keilis, auglýsingaherferðir, skipulagningu viðburða og kynninga, fréttatilkynningar og utanumhald samfélagsmiðla. Að auki sér markaðsstjóri um útgáfu á kynningarefni, samskipti við fjölmiðla og hefur yfirumsjón með vörumerkjum og hönnunarstöðlum skólans.

Breytingar urðu á markaðssviði Keilis árið 2021 og er Alexandra Tómasdóttir nýr markaðsstjóri skólans.

Heimsfaraldur var áskorun með tilliti til þátttöku í viðburðum og vegna kynningarmála.

Ný vefsíða Keilis leit dagsins ljós þar sem komið er til móts við kröfur nýrrar kynslóðar í viðmóti.



**Alexandra
Tómasdóttir**
Markaðsstjóri Keilis

Áherslur ársins

Áherslur í markaðs- og kynningarmálum á árinu lituðust af samkomutakmörkunum og var aukin áhersla lögð á stafræna markaðssetningu á samfélagsmiðlum, vefborða á helstu fréttamiðlum, útvarpsauglýsingar og fréttatilkynningar. Helsta tímabil fyrir birtingar auglýsinga var frá mars til júní 2021 og nóvember til desember 2021. Dregið var úr stórum auglýsingum í prentmiðlum fyrir utan reglulegar auglýsingar í landshlutablöðum svo sem Víkurfréttum.

Skilaboð herferða miðuðust að því að segja sögur nemenda og sýna fram á samkeppnisforskot okkar hvað varðar kennsluhætti, námsumhverfi, tækni, kennara og persónulega þjónustu. Farið var í framleiðslu á nýju efni fyrir Flugakademíu Íslands eftir að vélar skólans fengu nýjar merkingar.

Kynningar og viðburðir

Líkt og árið 2020 höfðu samkomutakmarkanir mikil áhrif á kynningarstarf skólans. Ekki var hægt að fara í grunn- og framhaldsskóla til að kynna námsframboð og lítið var um viðburði. Staðið var fyrir rafrænum kynningum í nokkrum framhaldsskólum og hélt MÁ rafrænan viðburð á UT messunni. Þegar samkomutakmörkunum var aflétt um stund sumarið 2021 gafst Flugakademíu Íslands tækifæri á að fara á flugsýningar á Akureyri og Hellu, halda kynningardag á Reykjavíkflugvelli sem og að endurvekja Flugbúðir Flugakademíunnar. Flugbúðir Flugakademíu Íslands voru haldnar 10. – 12. ágúst fyrir ungt fólk á aldrinum 13 til 16 ára með góðum árangri.

Vefmál og samfélagsmiðlar

Á árinu 2021 var tekin í notkun ný og glæsileg heimasíða Keilis eftir mikla þróunarvinnu í samstarfi við hugbúnaðarhúsið Stefnu á Akureyri. Keilir heldur úti einni megin heimasíðu og er hvert kennsluvið með eigin undirsíðu fyrir sitt námsframboð, fréttir og áherslur. Breytingar voru á fyrirkomulagi samfélagsmiðla Keilis og eru nú fjórar virkar facebooksíður (Menntaskólinn á Ásbrú, Flugakademía Íslands, Keilir & Adventure Guide Certificate) og fimm Instagramsíður (Menntaskólinn á Ásbrú, Flugakademía Íslands, Keilir, Adventure Guide Certificate & ÍAK). Áframhaldandi þróun, mótun og innleiðing samfélagsmiðlastefnu mun eiga sér stað árið 2022 og er áætlað að þeirri vinnu ljúki sumarið 2022.

Innleiðing hönnunarstaðals Flugakademíu Íslands

Á árinu fór fram yfirgripsmikil innleiðing á hönnunarstaðal Flugakademíu Íslands eftir sameiningu Flugakademíu Keilis og Flugskóla Íslands. Flugvélar skólans fengu nýjar merkingar, flugskýli voru merkt og aðstaða nemenda fékk yfirhalningu í litum, merkjum og anda sameinaðra skóla. Innleiðing nýs vörumerkis Flugakademíu Íslands lauk því formlega árið 2021.

Fréttir og fréttamiðlun

Mikil áhersla var lögð á að sýna og segja frá því gríðamikla og fjölbreytta starfi sem á sér stað hjá Keili með fréttum og stöðuuppfærslum á vef- og samfélagsmiðlum Keilis. Á heimasíðu Keilis voru skrifaðar rúmlega 200 fréttir og sendar voru út tugi fréttatilkynninga sem birtar voru í fréttamiðlum landsins. Þar bar helst fréttir af núverandi nemendum og starfsfólki ásamt fyrrum nemendum í starfi. Mikla athygli vakti þegar flugkennarar Flugakademíu Íslands flugu í oddaflugi yfir eldgosíð í Geldingadölum til að fagna fyrstu útskrift sameinaðra skóla Flugskóla Íslands og Flugakademíu Keilis undir merkjum Flugakademíu Íslands. Fréttamenn Stöðvar 2 komu á staðinn og fóru með í flugferðina og var sýnt frá deginum í Ísland í dag.



FJÁRMÁLASVIÐ

Fjárhagsstaða félagsins var stærsta áskorun sviðsins á árinu. Mikill tími fór í endurskipulagningu, hagræðingu og endurfjármögnun. Í samstarfi við stjórn var innleitt nákvæmara uppgjör með það að markmiði að stjórn hefði betri upplýsingar um rekstur félagsins. Húsnæðislán Fasteignafélagsins var endurskoðað og lækkaðir voru vextir á því. Enn fremur var farið í heildar endurfjármögnun Flugakademíunnar í samstarfi við viðskiptabanka félagsins.

Áhersla var á það á árinu að efla sviðið með rýni á ferlum, verklagi, og skilgreina betur störf þeirra sem þar vinna. Fjölgaði var í starfsmannahópnum á sumarmánuðum, þar sem viðbótar stöðugildi fól í sér ábyrgð á vörustjórnun og fjárhagsgreiningu. Var það gert til að efla þann hluta starfseminnar og tryggja verklag greininga, vörustjórnunar og fjárhagsupplýsinga.

*Rekstrarniðurstöður
Keilis er að finna í
ársreikningi félagsins.*

*Stytting vinnuvikunnar
hjá Keili er aðlöguð
hverjum og einum
starfshópi eftir
hlutverkum þeirra.*

*Í nóvember fékk Keilir
jafnlaunavottun án
frábrigða í úttekt.*



Ida Eyland Jensdóttir
Forstöðumaður
fjármálasviðs

Rekstrarniðurstöður

Rekstur ársins 2021 var erfiður eins og tölur ársreiknings benda til. Tap var af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 75,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 862,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Skipulag

Sviðið sér um Umsýslu fjárhags, áætlanagerð, greiningarvinnu ýmiskonar og starfsmannamála fyrir Keilissamstæðuna sem inniheldur m.a.:

- Keili ehf, kt. 500507-0550, móðurfélag samstæðunnar
- Iceland Aviation Academy ehf, kt. 671108-0190
- Fasteignafélagið Keili ehf, kt. 450115-0100

Á sviðinu starfa fjármálastjóri, aðalbókari, fulltrúi á fjármálasviði, verkefnastjóri vöruþróunar, umsjónarmaður fasteigna og umsjónarmaður Keilisgarða.

Stytting vinnuvikunnar

Á árinu var farið í að greina og innleiða hugmyndir um styttingu vinnuvikunnar. Það verkefni er alla jafna krefjandi á fjölbreyttum vinnustöðum og er Keilir engin undantekning. Hjá Keili er fjölbreyttur hópur af starfsfólki sem sinnir mjög ólíkum hlutverkum. Þjónusta við nemendur er alltaf höfð að leiðarljósi þegar horft er til sveigjanleika á virkum vinnutíma. Tekin var ákvörðun um að virkur vinnutími hjá Keili væri skilgreindur sem 35.5 klst. á viku, þá er ekki talið með neysluhlé eða sambærileg fjarvera. Niðurstaðan var sú að stytting vinnuvikunnar væri ekki einsleit í Keili heldur aðlöguð hverjum og einum starfshópi eftir hlutverkum þeirra og því er ekki ein leið farin.

Jafnlaunavottun

Í nóvember fékk Keilir jafnlaunavottun og var sú vinna alfarið á ábyrgð fjármálasviðs og unnin þar. Í samantekt vottunaraðila kom m.a. fram að jafnlaunakerfi Keilis væri hannað til að ná markmiðum og stefnu skólans í jafnlaunamálum. Þetta var sannreynt í úttekt á jafnlaunakerfinu. Ferlar og stýringar jafnlaunakerfisins sem skoðaðar voru styðja við það. Niðurstöður launagreiningar sýndi að konur væru með að meðaltali 0,3% lægri laun en karlar.

Húsnæðismál

Keilir leigir húsnæði fyrir skólann af Fasteignafélagi Keilis en um er að ræða 5.507 fermetra. Í nóvember var ráðið í fullt stöðugildi umsjónarmanns fasteigna. Meginmarkmið þeirrar ákvarðanir var að auka þjónustuna við starfsmenn og nemendur hvað varðar húsnæðismál, efla viðhald og tryggja öruggt umhverfi.

Aukin umsvif Flugakademíunnar urðu innan veggja skólans ár árinu, með tilkomu annars flughermis í byggingu skólans. Þurfti að aðlaga húsnæðið að kröfum slíks búnaðar og mikil vinna fór í það á haustdögum.

Vinna umhverfishóps með þátttöku umsjónarmanns fasteigna og fjármálastjóra var þó nokkur á árinu og væntingar um að því ljúki árið 2022 með betri aðstöðu fyrir starfsfólk og nemendabjónustu.

Keilisgarðar

Keilir er með samning við fasteignafélagið Heimstaden um leigu á tveimur blokkum á Ásbrú til ársins 2023 en nýting hefur minnkað verulega vegna heimsfaraldurs. Fjöldi íbúða er 88 og var nýting tæplega 55% 2021 en árið 2020 var nýtingin rúmlega 60%. Á árinu var samtal við leigusala um breytt fyrirkomulag samningsins, svigrúm vegna aðstæðna og hvort tækfæri væri til að endurskoða samninginn. Samkomulag var um ákveðinn sveigjanleika á leigugreiðslum þar sem illa hefur gengið að fjölga leigjendum vegna heimsfaraldursins. Enn fremur eru fleiri þættir í skoðun sem væntingar eru um að verði í góðum farvegi á vormánuðum.



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs